

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 24. fundur.

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 25. ágúst 2011, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fundargerð Bygginganefndar dags. 28. júní.
3. Erindi frá Margréti Bóasdóttur v/Sumartónleika við Mývatn.
4. Erindi frá Halldóri Þorláki Sigurðssyni og Björgu Jónasdóttur v/endurbyggingar húsa að Kálfaströnd 1.
5. Erindi frá Glímusambandi Íslands, styrktarsöfnun.
6. Fundargerð Atvinnumálanefndar dags. 18. ágúst.
7. Erindi frá Umhverfisstjórnuneyti ósk um umsögn um reglugerð um landsskipulagsstefnu.
8. Erindi frá Umhverfisstjórnuneyti ósk um umsögn um reglugerð um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu og varnir gegn mengum á vatnasviði Mývatns og Laxár.
9. Erindi frá Iðnaðarráðuneyti ósk um athugasemdir um tillögu til þingsályktunar um verndar og orkunýtingaráætlun.
10. Staðfesting sveitarstjórnar á yfirlýsingu um friðlýsingu Dimmuborga og Hverfjalls.
11. Deiliskipulag, skipulagslýsing.
12. Erindisbréf Félagsmálanefndar.
13. Uppsögn á skipulagshluta samstarfssamnings sveitarfélaga í Pingeyjarsýslum um embætti skipulags- og byggingafulltrúa.
14. Snjómokstur.

Til kynningar.

Fundargerð aðalfundar Hvamms dags. 22. júní.

Fundargerð Heilbrigðisnefndar HNE dags. 15. júní.

Bréf Umhverfisstofnunar dags. 30. júní.

Bréf Mennta- og menningarmálaráðuneytis v/UNESCO dags. 28. júní.

Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfél. dags. 24. júní.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 13 og 14, yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð Bygginganefndar dags. 28. júní.

Eftirfarandi liðir eiga við um Skútustaðahrepp.

Liður 7.

201106009 – Erindi frá Sýslumanninum á Húsavík

Sýslumaðurinn á Húsavík, ósk um umsögn vegna viðbótar við rekstrarleyfi til handa Þuríði Helgadóttur, Björk, Mývatnssveit, heimagisting, nýr gistiskáli að Björk.

Byggingarnefnd telur að ekki geti verið um heimagistingu að ræða þar sem umsækjandi býr ekki á lóðinni.

Liður 8.

201106008 – Erindi frá Sýslumanninum á Húsavík

Sýslumaðurinn á Húsavík, ósk um umsögn vegna viðbótar við rekstrarleyfi til handa Hæðni Sverrissyni vegna Geiteyjar ehf. nýr gistiskáli að Geiteyjarströnd 1.

Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn um erindið.

Liður 9.

201106005- Erindi frá Sýslumanninum á Húsavík

Sýslumaðurinn á Húsavík, ósk um umsögn vegna viðbótar við rekstrarleyfi til handa Ástu Þ. Lárusdóttur, Skútustöðum 2b, Mývatnssveit.

Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn um erindið.

Liður 10.

201105052- Erindi frá Sýslumanninum á Húsavík

Sýslumaðurinn á Húsavík, ósk um umsögn vegna rekstrarleyfis til handa Hermanni Kristjánssyni, Birkihrauni 12, Mývatnssveit til sölu heimagistingar.

Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn um erindið að því tilskildu að eingöngu verði leigð út rými sem til þess eru ætluð samkvæmt samþykktum teikningum.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Bygginganefndar.

3. Erindi frá Margréti Bóasdóttur v/Sumartónleika við Mývatn.

Með bréfi sem dags. er 27. júní óskar Margrét Bóasdóttir eftir stuðningi sveitarstjórnar við 25. starfsár Sumartónleika við Mývatn, sem hefjast eigi 2. júlí. Í bréfinu kemur fram að sökum niðurskurðar annarra styrktaraðila við verkefnið sé óskað eftir hærri upphæð nú en hin fyrri ár eða kr. 100,000,- Sveitarstjórn samþykkti með tölvupósti að styrkja verkefnið um kr. 50.000,- þar sem styrkjaúthlutanir sveitarstjórnar sæta niðurskurði eins og aðrir málaflokkar. Sú ákvörðun var tilkynnt Margréti með tölvupósti. Sveitarstjórn barst þá annað bréf þar sem óskað er eftir að ákvörðunin sé endurskoðuð með tilliti til bágrar fjárhagsstöðu verkefninsins og að verkefnið verði a.m.k. styrkt um sömu upphæð og áður eða kr. 75.000,-.

Sveitarstjórn getur ekki borið ábyrgð á fjárhag Sumartónleika við Mývatn og bendir á að ekki sé sjálfsagt að Skútustaðahreppur leggi fram aukið fé af því að aðrir haldi að sér hendi. Þá vekur það athygli að eingöngu er selt inn á þrenna tónleika af sjö og undrast sveitarstjórn að ekki skulu vera nýttir allir tekjumöguleikar til eflingar verkefnisins.

Töluverðar umræður urðu um málið.

Sveitarstjórn sér sér ekki fært að breyta fyrri ákvörðun sinni.

4. Erindi frá Halldóri Þorláki Sigurðssyni og Björgu Jónasdóttur v/endurbyggingar húsa að Kálfaströnd 1.

Með bréfi er óskað eftir samþykki sveitarstjórnar á endurbyggingu íbúðarhúss ásamt geymslu á Kálfaströnd 1, landnr. 153582. Með bréfinu fylgir samþykki eiganda jarðarinnar Elínar Einarsdóttur.

Sveitarstjórn fagnar áhuga bréfitara á að endurbyggja gamla húsið á Kálfaströnd 1. Sveitarstjórn getur hins vegar ekki samþykkt erindið fyrir en fyrir liggur samþykki Umhverfisstofnunar, umsögn minjavarðar á Akureyri og fullnægjandi teikningar.

5. Erindi frá Glímusambandi Íslands, styrktarsöfnun.

Með tölvupósti óskar Ólafur Oddur Sigurðsson f.h. Glímusambands Íslands eftir stuðningi sveitarfélagsins við söfnun vegna Evrópumeistaramóts í glímu sem haldið verður á Íslandi í apríl 2013.

Sveitarstjórn hafnar erindinu.

6. Fundargerð Atvinnumálanefndar dags. 18. ágúst.

Í öðrum lið fundargerðarinnar er tekið fyrir erindi Bergþóru Eysteinsdóttur þar sem hún óskar eftir að verða leyst undan gangnaskyldu haustið 2011, þar sem allt hennar fé gengur í heimalandi. Atvinnumálanefnd samþykkti erindið. Í þriðja lið er farið yfir niðurjöfnun gangna og ákveðið að réttað verði í báðum réttum 4. september. Undir liðnum önnur mál er komið inná ástand húsa við Hrauntagl og telur nefndin mikilvægt að bændur sameinist um endurbætur á húsunum. Einnig þarf að huga að viðhaldi á hesthúsinu á Hlíðarhaga og gangnamannakofanum á Stórufljesju en við síðustu fjárhagsáætlanagerð hafi verið gert ráð fyrir einhverju fjármagni til endurbóta. Þá kemur fram að nefndin hvetji sveitarstjórn til að leita allra leiða til að hafa vargeyðingu í sveitinni sem besta og leiti eftir fjármagni frá stjórnvöldum til þess. Að lokum lýsir nefndin yfir áhyggjum sínum af stöðu húsnæðismála í sveitarfélaginu þar sem skortur virðist vera á íbúðarhúsnæði um þessar mundir og hvetur sveitarstjórn til að leita allra leiða til úrbóta.

Sveitarstjórn samþykkti þriðja lið fundargerðarinnar með tölvupósti 19. ágúst. Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar á öðrum lið fundargerðarinnar. Varðandi liðinn önnur mál þá hefur nú þegar verið rætt óformlega við ráðuneyti Umhverfismála um þróun vargeyðingar í sveitarfélaginu og þann kostnað sem því fylgir. Sveitarstjórn getur vissulega tekið undir áhyggjur nefndarinnar varðandi skort á íbúðarhúsnæði og sem liður til úrbóta er stefnt að því að deiliskipulag fyrir nýjar götur ofan Birkihrauns verði tilbúið næsta vor.

7. Erindi frá Umhverfissráðuneyti ósk um umsögn um reglugerð um landsskipulagsstefnu.

Í umsögn sveitarstjórnar Skútustaðahrepps um frumvarp til nýrra skipulagslaga lagðist hún alfarið gegn fyrirbærinu landsskipulagsstefnu og telur að nóg sé regluverkið samt hvað skipulagsmál varðar. Það er enn skoðun sveitarstjórnar að ekkert lýðræði sé fólgið í því að einn ráðherra ákveði hvernig stórum hluta skipulagsmála sveitarfélagana skuli háttað en ekki lýðræðislega kjörnir fulltrúar íbúanna og að sveitarfélögin eigi að taka mið af því við gerð eða breytingar á sínum skipulagsáætlunum.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur að reglugerð um landsskipulagsstefnu sé alveg jafn óþörf og landsskipulagsstefnan sjálf, nóg er nú forræðisbyggja ríkisvaldsins samt.

8. Erindi frá Umhverfissráðuneyti ósk um umsögn um reglugerð um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu og varnir gegn mengum á vatnasviði Mývatns og Laxár.

Með bréfi er óskað umsagnar sveitarstjórnar Skútustaðahrepps um reglugerðina. Það vekur athygli sveitarstjórnar að í gegnum alla reglugerðina telji Umhverfisstofnun sig geta beitt boðum og bönnum á hinu verndaða svæði án samráðs við nokkurn nema Náttúruvannsóknarstöðina við Mývatn og Náttúruvernd ríkisins. Sveitarstjórn telur með öllu óeðlilegt að ekki skuli skylt að hafa samráð við sveitarstjórn og viðkomandi landeiganda. Varðandi einstaka greinar reglugerðarinnar eru gerðar eftirfarandi athugasemdir.

3. gr.

Inn í þá grein vantar alfarið ákvæði um eyðingu á mink, ref og vargfugli.

7. gr.

Þar sem segir „*Eigendur og aðrir rétthafar landareigna á svæðinu geta þó heimilað tjöldun á eigin landi og ber að tilkynna um það til starfsmanna Umhverfisstofnunar á svæðinu*“ Þetta er nú til að æra óstöðugan, þarna nægir að standi eigendur og aðrir rétthafar landareigna á svæðinu geta þó heimilað tjöldun á eigin landi.

10.gr.

Þarfnast endurritunar. Það segir sig sjálft að fyrsta setningin „*Akstur vélknúinna ökutækja utan vega er bannaður og einungis heimill á til þess gerðum vegum í samræmi við verndaráætlun og í samræmi við merkingar, enda séu vegir ekki ófærir*“. Akstur utan vega er bannaður en samt heimill á til þess gerðum vegum! Þetta gengur bara ekki upp. Látið skal ógert að tína sérstaklega upp fleiri setningar, en þessi grein er full af öfugmælum.

11. gr.

Þar sem segir að „*Notkun hraðbáta er alfarið bönnuð á svæðinu og getur Umhverfisstofnun ákvarðað tiltekin hraða- og hávaðamörk vélknúinna báta ef nauðsyn krefur*“

Það getur ekki verið að það sé Umhverfisstofnun að taka ákvörðun sem þessa heldur hlýtur það að vera veiðifélaga Mývatns og Laxár.

13. gr.

Þar segir að áður en ráðist er í framkvæmdir skv. 1. mgr. 12. gr. skuli framkvæmdaaðili tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdina með a.m.k. fjögurra vikna fyrirvara. Það er mat sveitarstjórnar að nægjanlegt ætti að vera að láta Umhverfisstofnun vita með tveggja vikna fyrirvara.

17.gr.

Ákvæði um að dagsektir renni í ríkissjóð getur sveitarstjórn alls ekki samþykkt. Sé dagsektum beitt eiga þær að renna í sveitarsjóð þess sveitarfélags sem við á.

9. Erindi frá Iðnaðarráðuneyti ósk um athugasemdir um tillögu til þingsályktunar um verndar og orkunýtingaráætlun.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps fagnar þeirri siðbót sem orðið hefur hjá ríkisvaldinu þess efnis að veittur sé tólf vikna umsagnarfrestur um einstök mál. Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu til umsagnar Skiplags- og umhverfisnefndar og til Atvinnumálanefndar.

10. Staðfesting sveitarstjórnar á yfirlýsingu um friðlýsingu Dimmuborga og Hverfjalls.

Fyrir fundinum liggja yfirlýsingar um friðlýsingu Dimmuborga og Hverfjalls, (Hverfells) . Friðlýsingin fór fram í júní en ekki tókst að taka hana fyrir í sveitarstjórn með formlegum hætti fyrr en nú.

Sveitarstjórn samþykkir nefndar friðlýsingar fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra að undirrita þær.

11. Deiliskipulag, skipulagslýsing.

Á fundi sveitarstjórnar 14. apríl s.l. var samþykkt beiðni Péturs Snæbjörnssonar og Guðrúnar M. Valgeirsdóttur um heimild til deiliskipulagsgerðar á landsvæði sem afmarkast af gamla bæjarstæðinu í Reykjahlíð og er allt þegar í notkun. Eftir óformlegt samráð við Skipulagsstofnun kom í ljós að nokkuð vantaði inn í forsendur skipulagsins og verkáætlunina. Úr þessu hefur verið bætt og er óskað eftir samþykkt sveitarstjórnar á nýrri skiplagslýsingu og heimild til deiliskipulagsgerðar. Sveitarstjórn samþykkir erindið.

Guðrún María vék af fundi undir þessum lið.

12. Erindisbréf Félagsmálanefndar.

Fyrir fundinum liggur erindisbréf fyrir Félags- og menningarmálanefnd. Sveitarstjórn samþykkir erindisbréfið.

13. Uppsögn á skipulagshluta samstarfssamnings sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum um embætti skipulags- og byggingafulltrúa.

Fyrir fundinum liggur tillaga að sameiginlegu bréfi sveitarstjórna Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar til Norðurþings, þar sem óskað er eftir lausn frá skipulagshluta samkomulags sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum um embætti skipulags- og byggingafulltrúa. En fram hefur komið í viðræðum fulltrúa sveitarfélaganna að Norðurþing getur að óbreyttu ekki efnt þann þátt samkomulagsins.

Sveitarstjórn samþykkir bréfið og felur sveitarstjóra að undirrita það.

14. Snjómokstur.

Þar sem samningur um snjómokstur er útrunninn samþykkir sveitarstjórn að bjóða snjómoksturinn út til fjögurra ára.

Fleira ekki gert.
Fundir slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson,
Karl Emil Sveinsson,
Eyrún Björnsdóttir,
Friðrik K. Jakobsson.